

Morgunblaðið

Útgef.: H. Árvakur, Reykjavík.

Ritstjórnar:

Jón Kjartansson,
Valtýr Stefánsson (ábyrgðarm.).

Auglýsingar: Árni Óla.

Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla:
Austurstræti 8. — Sími 1600.Áskriftargjald: kr. 3,00 á mánuði.
Í lausasölu: 15 auro eintakið,
25 auro með Lesbók.**Hinn rússneski björn**

Einn af forystumönnum Finnlands hefir gert þá samlikning um viðureign þjóðar sinnar við Rússa, að það væri eins og hvítabjörn setti við kött.

Viðureignin milli stórbjóðarinnar og smáþjóðarinnar vekur vaxandi undrun um gervallan heim. Ef einhver hernaðarsjerfræðingur hefði verið spurður að því um síðustu mánaðamót, hvað það tæki Rússa langan tíma að gersigra Finna, þá hefði svarið orðið eitt-hvað á þá leið, að það myndi ekki taka lengri tíma en viku. Hæsta lagi hálfan mánuð. Í Moskva hafa menn vafalaust verið á þessari skoðun. Þar höfðu menn fordæmið frá Póllandi fyrir sjer.

Og vissulega var það líklegt, að 4 miljóna þjóð gæti ekki lengi veitt 185 miljóna þjóð viðnám. En þetta fór alt á annan veg.

Finski herinn er 300.000 manns. En auk þess eru svo skottfjölgin, sem líka er hægt að láta koma að gagni í öfriði. Finski herinn er mjög vel vopnum búinn.

Rússar hafa 10—15 sinnum fjölmennari her. En hertýgin virðast ekki duga eins vel hjá Rússanum. A. m. k. eru þau ekki eins öflug og hergögn Þjóðverja er unnu Pólland.

Talið er að Rússar þurfi að hafa á aðra miljón hermanna í Austur-Asíu, til þess að gæta landamæraanna gagnvart Japönnum. Og mikinn heraflla þurfa þeir að hafa sem setulið í Póllandi og í Eystrasaltsríkjunum. Ennfremur þurfa þeir öflugan hervörð við landamæri Balkanríkjanna. Því hefir verið giskað á að Rússar hefðu ekki í upphafi haft til að dreifna nema á að giska helmingi meiri mannafla en Finnar. Og þegar þess er gætt hve Finnar eru betur hertýgjaðir en Rússar, verður liðsmunurinn ekki svo ákaflega mikill. Þá virðist rússneska herstjórnin hafa oftreyt brynvarðarsveitum sínum, haldið að brynvarðasveitir kæmu að sama gagni í Finnlandi í vetur eins og í Póllandi í haust. En fannfergi, stórhriðar og alskonar farartálmi hefir gert bifreiðanotkun þar mun gagnsminni en í Póllandi.

En aflmunurinn getur breyst þá og þegar. Rússar geta með samningum við nágrannabjóðir sínar losað mikinn heraflla frá landamærunum annarsstaðar og sent hann til Finnlands. Þeir herflutningar virðast nú vera að byrja fyrir alvöru. Og hvað verður þá um viðnám Finna?

Og enn eitt. Sú spurning rís í hugum manna: Verður til lengdar um fyrir tvær styrjaldir í Evrópu? Slær þeim ekki saman? Og hvað verður þá um smáþjóðirnar hlutlausu?

Um þessar mundir eru hjer um bil fimtíu ár síðan að nokkrir ungir menn á Kjalarnesi hjeldu fund með sjer í þeim tilgangi að mynda fjelag til þess, að koma saman til fræðslu og skemtunar og jafnframt ræða ýms mál, er ætla mátti að gætu orðið sveitarfjeloginu til framfara.

Það sem einkum vakti fyrir forgöngumönnum með stofnun þessa fjelags var að benda huganum frá fánýttingum og jafnvel áhollum dægrastyttingum, en nota tómstundir og hvíld frá skyldustörfum í einveru sveitalífsins, til fræðslu og sameiginlegrar ánægju. Þá voru engin unglinga- eða íþróttafjelog, samgöngur ördugar og strjalar og bílar og útvarp óþekt og einnig margt annað sem nú finst til fræðslu og skemtunar.

Fjelagið, sem hlaut nafnið **Framfarafjelogið Esjan**, var stofnað þ. 11. desember 1889, á heimili þeirra hjóna Magnúsar Magnússonar og Jarþrúðar Þórólfsdóttur í Lykkju. Fjelagar gátu orðið menp og konur átján ára og eldri og skrifuðu þá þegar um 20 meðlimir sig í fjelagið, og var ákveðið að halda fundi tvisvar í mánuði.

Undirritaður var einn meðal stofnenda fjelagsins og hafði jeg áður kynt mjer svipaðan fjelagskap á Seltjarnarnesi, er hafði marga góða fjelagsmenn sem um nokkurra ára skeið höfðu unnið að framgangi ýmsra mála er til framfara horfðu þar í sveitinni. Lög þessa unga fjelags á Kjalarnesi voru sniðin eftir þeim lögum er giltu um fjelagsskapinn á Seltjarnarnesi.

Þessi nýja fjelagsmyndun á Kjalarnesi, átti brátt miklum vinsældum að fagna og dafnaði fjelagð vel. Fundarstaður var endurgjaldslaus lánaður fjelaginu tvö fyrstu árin af hjónunum í Lykkju. Fjelaginu bættust brátt meðlimir, því ekki aðeins gerðist flest ungt fólk á nálægum bæjum í sveitinni meðlimir, heldur og nokkrir bændur og konur þeirra, sem sóttu fundi og tóku þátt í umræðum, engu síður en þeir sem yngri voru.

Brátt eignaðist fjelagið bókasafn sem óx árlega og var mikið notað af fjelagsmönnum, og sýnir þetta áhuga fyrir fjelagsskapnum og þörf á aukinni fræðslu.

Strax á þriðja ári eftir stofnuna byggði fjelagið hús til fundarhalds og varðveislubókasafnsins. Húsið var einnig notað sem barnaskóli. Bygging hússins var að miklu leyti framkvæmd með fje, sem nokkrum árum áður hafði aflast sem ágóði af hlutaveltu, sem haldin var að Kollafirði, og þegar í byrjun var ákveðið, að gengi til byggingar á skólahúsi, eða til annara nytsamlegra framkvæmda í sveitinni. Það sem vantaði til þess að standa straum af kostnaðinum við húsbygginguna var tekið að láni, en nokkuð löngu fjelagsmenn sjálfir fram í dagsverkum, við hleðslu á grunni, flutning á efni m. m. Hústsæðið, sem var valið á

Matthías Þórðarson:**Framfarafjelog Kjalarness****Fimtíu ára minning**

hentugum stað í miðri sveitinni, á Klifbergi, í landareign Hofsjaðars, gaf þáverandi eigandi jarðarinnar, Bjarni Sigurðsson bóndi á Hofi, fjelaginu. Bjarni var dugnaðarmaður hinn mesti. Hann seldi jörðina nokkrum árum síðar til kaupmanns Björns Kristjánssonar, síðar bankastjóra, og flutti með búslóð sína að Brimilsvöllum við sunnanverðan Breiðafjörð.

Jeg undirritaður flutti úr fæðingarsveit minni nokkru eftir að þeir atburðir gerðust er hjer greinir frá, en var fjögur fyrstu árin tíma úr vetrum til dvalar þar í sveitinni og var formaður fjelagsins og fylgdist því þessi árin vel með í störfum þess. Hjer skal ekki rætt um framkvæmdir fjelagsins þessi fyrstu árin, sem auðvitað voru ekki miklar, en þó skal þess getið, að fjelagið studdi að betri og meiri barnafræðslu, greiðari samgöngum, meðal annars með brúarbyggingu á Ártúnsá og m. fl. Árin liðu. Smátt og smátt fóru margir hinna ungu stofnenda fjelagsins alfarnir í burtu af nesinu, nokkrir til Reykjavíkur og aðrir til annara fjarlæggra staða. Við burtför þessara manna misti fjelagið góða liðsmenn, og þótt margir nýir fjelagar bættust í skörðin, mun burtför hinna eldri óefað hafa dregið úr vexti og framþróun fjelagsins.

Þótt liðin sjeu fimtíu ár síðan þetta litla fjelag var stofnað á Kjalarnesi, þá er þetta mjer í svo fersku minni eins og skeið hefði fyrir fáum dögum. Fjarvera í áratugi erlendis hefir ekki getað afmáð endurminninguna um það úr huga mínum, enda vekur þessi atburður frá æskuárunum og ýmislegt í sambandi við hann, ánægjufullar endurminningar. Samkomur, er fjelagið hjelt fyrstu árin, einu sinni vetri, fyrir fulltingi Eyjólfssonar bókabóndu í Saurbæ og Vilhelmínu konu hans, eru mjer

minnisstæðar. — Þau hjón, með sinni alkunnu rausn og höfðingskap, lánuðu hús við þessi tækifæri, veittu gestum og stóðu fyrir beina án nokkurs endurgjalds. Til þess að framkvæma þetta þurfti bæði vilji og geta að fylgjast að, þar sem oft kom 60—70 manns á þessar vetrarsamkomur. Auk hjer-aðsmanna kom oft margt ungt fólk úr Kjósinni, og var skemt með fyrirlesturum, ræðuhöldum, söng og hljóðfæraslætti og „dans á eftir“, frá því að kvöldi til síðari hluta nætur, að fararljósti þótti heim aftur.

Margar aðrar myndir bera einnig fyrir í huganum, ýmist hjartar eða óljósar, eftir því hvort viðburðirnir voru hugðanemir eða hið gagnstæða, meðlæti eða mótlæti, sjaldgæfir eða hversdagslegir. Í endurminningunni geymist fólkið eins og það kom fyrir í sjón og reynd, bæði það eldra og yngra, er jeg hafði samneyti við. Og ekki síst náttúran, landslagið, sjóndeildarhringurinn, vorlangan daginn, frá sólaruppkomu til sólseturs. — Bláfjallageymur og hafbrúnarhringur — með Esjuna herðabreiða og tröllvaxna að baki og Snæfellsjökul með hvítan faldinn tignarlegan lengst í norðvestri. — Alt óumbreytanlegt, en þó í ýmsum myndum eftir árstíðum, sem geymist í huganum og gleymist ekki.

Ekki er mjer kunnugt, hvort fjelagið hefir starfað lengur eða skemur, eða hvort það starfar ennþá. En jeg þykist vita, að flestir, ef ekki allir, sem áttu þátt í stofnun þess, munu vera farnir til annara heimkynna. Flestir dánir, en þeir fáu sem eftir lifa búsettir í öðrum hjeruðum.

Á þessu fimtíu ára tímabili hafa — að því er jeg frekast veit, miklar breytingar orðið á Kjalarnesi, ekki síður en annarsstaðar á landinu. Miklar framfarir á flestum

sviðum hafa átt sjer stað, sem okkur unglingana dreymdi um þá. Nýir menn með nýjar lífsskoðanir og nýjar aðferðir til lausnar viðfangsefnunum hafa numið landið, rutt það og ræktað og sumpart byggt það að nýju.

Frá þessum löngu liðnu tímum — ef svo má að orði kveða — lifir endurminningin um samtíðina og það sem þá gerðist. Og dómurinn verður sá, að fólkið sem maður ólst upp með og hafði kynni af var nægjusamt, rjettisýnt og ráðvant, og flestir bændur iðju-samir og hagsýnir ráðdeildarmenn, sæmdarmenn í hvívetna, þótt orðstýr þeirra á þeim árum birtist ekki í útvarpsræðum nje blöðum, heldur aðeins mann frá manni, að hreppamótum eða sýslumörkum, en sjaldan lengra. — Og víst er um það, að fyrir fimtíu árum síðan átti Kjalarnes ýmsa þá menn — og svipað mun það vera um ýms önnur hjeruð — sem eiga það skilið að þeirra sje minst að verðleikum, áður en þoka gleyskunnar hylur nöfn þeirra fyrir eftirkomendum. — Kirkjurnar í hlutaðeigandi sóknun eiga að geyma annað og meira en svokallaðan sálarregistur, þær eiga að geyma skrá yfir, athafnir þeirra manna, er frekar öðrum hafa gerst þess verðugir að endurminningin um þá lifi.

Síðustu tuttugu og fimm árin hefi jeg aðeins komið tvisvar sinnum í fæðingarsveit mína, Kjalarnes, og dvalið þar stund úr degi. Og tuttugu og fimm ára tímabilið næst á undan hefi jeg verið þar gestur örstuttan tíma, eins og fyr er frá sagt, en frá æskuárunum minnst jeg margra atburða er ekki koma þessu máli við og mega því kyrrir liggja. En stofnun þessa litla fjelags, er framkvæmd var fyrir fimtíu árum síðan, finn jeg ástæðu til að minna með þessum fáu liðnu.

Sú hugsjón, er vakti fyrir ungu mönnum er stofnuðu Framfarafjelog Kjalnesinga, óska jeg að megi ávalt vaka fyrir öllum ungum mönnum þar í sveitinni.

Kaupmannahöfn, 5. des. 1939.

Matth. Þórðarson
frá Móum.**Amerísk verðlaunasaga**

Amerískt blað hefir veitt eftirfarandi smásögu verðlaun fyrir hve stutt hún er en segir þó mikið:

„Elvina Dorker hefir fengið símskeyti frá bróður sínum, sem er á ljónaveiðum með manni hennar í Afríku:

„Bob varð fyrir slysi ljónaveiðum. Fred“.

Elvina sendi skeyti um hæl: „Sendu hann heim. Elvina“.

Eftir tvær vikur kemur sending til Elvínu. Þar er ljónið í kassa. Elvina sendi skeyti:

„Hefi fengið ljónið. Misskilningur. Sendu Bob!“

Svar: „Ekki misskilningur. Bob í ljóninu. Fred“.

Nýr danskennari

Nýr danskennari er nú að taka til starfa hjer í bænum, er það ungrú Elly Þorláksson (Jóns Þorlákssonar borgarstjóra). Byrjar ungrúin kenslu núna eftir áramót og mun kenna ballet, plastik og akrobatik. Ungfrú Elly Þorláksson lærði danslist hjá frú Beitzel, fyrv. Kgl. ballet dansmæri í Kaupmannahöfn og útskrifaðist úr skóla hennar 1937. — Veturinn 1938 var ungrú Elly aðstoðardanskennari hjá frú Beitzel. Á s. l. sumri dvaldi ungrúin erlendis við frekara nám.